

- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 840,00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 500,00.
- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fassviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldaliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
- 3.7 Sölugjald 25% er innfalið í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi á taxa A1. Sölugjald innheimtist ekki af sölu á rafmagni til varmadælna, enda verði notkunin sérmæld.
- 3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 14, 13. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 416

9. september 1987

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Hafnarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,31
fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 17,30
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlað hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- | | |
|--|--------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " | kr. 517,00 |
| b) fyrir mæla 1"—2" | kr. 1 034,00 |
| c) fyrir mæla stærri en 2" | kr. 1 925,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrar-tíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 312,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (utanmál) | Heimæðargjald |
|-----------------------------|---|
| Allt að 300 m ³ | 55 700,00 kr |
| 300—2 000 m ³ | 55 700,00 kr + 61,00 kr/m ³ |
| 2 000—6 000 m ³ | 159 900,00 kr + 50,00 kr/m ³ |
| 6 000—10 000 m ³ | 360 000,00 kr + 45,00 kr/m ³ |
| Yfir 10 000 m ³ | 538 000,00 kr + 38,00 kr/m ³ |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 110,00
í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miða við fasteignaskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 042,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C.1. eða samsvarandi taxa, en hann er nú óniðurgreiddur kr. 1,84 auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miða skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

III. KAFLI

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 22, 21. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 9. september 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Árni P. Árnason.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

| Númer gjaldskrárl. | Heiti gjaldskrárliða | Orkuverð kr./kWh. | Ársgreiðslur kr. |
|----------------------------------|-------------------------------------|-------------------|------------------|
| A — Almenn notkun. | | | |
| A | Með fastagjaldi | 5,10 | 1 460,00 |
| B — Heimilisnotkun o. fl. | | | |
| B1. | Heimilisnotkun | 3,76 | 1 460,00 |
| B2. | Mannvirkjagerð og Akraneshöfn | 6,52 | 2 300,00 |